

Fundur náttúruverndarnefndar Þingeyinga 18. október 2017 Fundargerð nr. 3-2017

Kl. 13.00 Mættir: Þorkell Lindberg, Gréta Bergrún og Ásvaldur Ævar (í síma)

1. Skipulags og matslýsing vegna deiliskipulags smávikjunar við Dreka

Náttúruverndarnefnd Þingeyinga fékk til umsagnar skipulags- og matslýsingu vegna deiliskipulags smávikjunar við Dreka. Nefndin fjallaði um málið og gerir eftirfarandi athugasemd við lýsingu:

Í grein 2.2. skipulagslýsingar kemur fram að dýralíf sé ekki meðal þeirra umhverfisþátta sem muni verða fyrir áhrifum af virkjuninni. Nefndin er þessu ósammála enda mun stífli lækjarins hafa áhrif á rennsli og þar með lífríki á þeim kafla sem verður fyrir þeim áhrifum. Við deiliskipulagsgerð- og umhverfismat áætlunarinnar þarf því að gera grein fyrir lífríki lækjarins og mögulegum áhrifum.

2. Erindisbréf fyrir Náttúruverndarnefnd Þingeyinga

Formaður Náttúruverndarnefndarinnar hefur í samráði við Reinhard Reynisson hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, sem fer með málefni Héraðsnefndar Þingeyinga, unnið drög að erindisbréfi. Nefndin gerði smávægilegar athugasemdir og orðalagsbreytingar, og kom því áleiðis til Héraðsnefndar.

3. Starfs- og rekstraráætlun nefndarinnar 2018

Náttúruverndarnefnd barst ósk frá Héraðsnefnd Þingeyinga um tillögu að starfs- og rekstraráætlun nefndarinnar fyrir árið 2018. Formanni Náttúruverndarnefndarinnar falið að vinna slíka áætlun í samráði við Reinhard Reynisson hjá Atvinnuþróunarfélagi Þingeyinga, sem fer með málefni Héraðsnefndarinnar.

Fleira ekki gert.

Fundargerð lesin og fundi slitið 14.45